

Ed.

503. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Undirritaður telur það eðlilegt, að svipuð löggjöf gildi um Búnaðarbanka Íslands og aðra ríkisbanka. Hins vegar getur það vart talist brýn nauðsyn að setja lög um það helst í bankamálum okkar nú að fjölga bankastjórum. Undirritaður telur, að heimild til ráðningar aðstoðarbankastjóra hefði verið nægileg breyting nú.

Á hitt skal lögð höfuðáhersla, að unnið verði að heildarendurskoðun á öllu okkar bankakerfi og sett verði heildarlöggjöf um bankamál. Í þeirri endurskoðun ber að hafa að leiðarljósi sameiningu banka og aukna hagræðingu í kerfinu öllu, jafnt varðandi ríkisbanka sem einkabanka. Visast í því efni til ítarlegs nefndarálits bankamálanefndar frá árinu 1973 þessu til áréttingar. Þar af leiðandi treystir undirritaður sér ekki til að mæla með frv., sem í eðli sínu gengur þvert á þessa meginstefnu.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Helgi F. Seljan.